

fara þess á leit í tekjudálki frumvarpsins til fjárhagslaganna fyrir fjárhagsárið 1867—68, að veittur verði frestur frá 1. janúarmán. 1864 til 1. janúarmán. 1866, með að borga 500 rd. á ári uppí 6000 rd. lán það, sem suðuramtinu á Íslandi var veitt rentulaust í fjáráukalögum 30. desembermán. 1858 til að standa straum af kostnaði þeim, er fjárkláðinn var ollandi, með þeim kjörum, að allt lánið verði borgað fyrir lok ársins 1877, og að borgaðir sæu í rentu 4 af 100 á ári árin 1876 og 1877 af því, sem þá stendur eptir. Að öðru leyti fellst dómsmálastjórnin á aðaluppástungu yðar, herra stiptamtmaður, er tilfærð er hér að framan.

1866.
20. júní.

61. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um styrk handa uppgjafaprestum og prestaekkjum á Íslandi. 22. júní.

Samkvæmt uppástungum yðar, háæruverðugi herra, er bárust stjórnarráðinu með bréfi yðar 20. aprílmán. þ. á., um það, hvernig úthluta skuli þeim 500 rd., sem veittir voru í fjárlögum þessa fjárhagsárs til styrks handa fátækum uppgjafaprestum og prestaekkjum á Íslandi, hefir stjórnarráðið veitt þeim, er nú skal greina, styrk þann, sem tilfærður er við hvern prest og prestaekkjum um sig :

Uppgjafapresti Sveinbirni Sveinbjarnarsyni frá Staðarhrauni 55 rd.

— Guðlögi Sveinbjarnarsyni frá Hvammi . . . 15 -

— Jóni Sigurðssyni frá Söndum . . . 60 -

— Jóni Jónssyni frá Miklabæ . . . 15 -

— Stefáni Hanssyni úr Fljótshlíðarþingum . . . 15 -

— Jóni Guðmundssyni frá Hjaltastöðum . . . 35 -

Prestaekkjum Helgu Jónsdóttur á Bjarnastöðum . . . 30 -

— Salbjörgu Jónsdóttur á Hörðubóli . . . 20 -

— Ingibjörgu Pálsdóttur í Hjarðarholti . . . 15 -

— Helgu Arnfinnsdóttur á Hallsteinsnesi . . . 5 -

— Kristínu Pálsdóttur á Brekku . . . 25 -

— Oddnýju Ingvarsdóttur á Litluhvalsá . . . 20 -

1866.

22. júní.

Prestsekkju Þóru Auðunnardóttur á Auðkúlu	20 rd.
— Elínu Einarsdóttur á Leysingjastöðum	30 -
— Marenu Níelsdóttur á Syðriey	10 -
— Sigríði Bergsdóttur á Litluheiði	12 -
— Guðrúnu Ingvarsdóttur á Gularási	20 -
— Kristínu Eiríksdóttur á Krossi	5 -
— Guðnýju Jónsdóttur á Króki	15 -
— Margrætu Narfadóttur í Reykjavík	40 -
— Sigríði Jónsdóttur á Miðfjarðarnesseli	10 -
— Guðríði Helgadóttur á Fremraseli	10 -
— Þorbjörgu Jónsdóttur í Reykjavík	18 -

Þetta er yður hærmeð til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörið það þeim, sem hlut eiga að, og um leið og vör vísum til bréfs stjórnarráðsins 15. júlímán. f. á. skal því við bætt, að landfógetanum á Íslandi hefir í dag verið boðið að greiða fè þetta úr jarðabókarsjóði Íslands.

29. júní.

62. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um að afsala Reykjavíkur kaupstað spildu af Arnarhóls landi til að breiðka veginn upp úr bænum.

Með bréfi 25. aprílmán. þ. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, sent hingað skjal nokkurt frá bæjarfulltrúunum í Reykjavík, þar sem þeir fara þess á leit, að látin sè af hendi 2 álna breið spilda af Arnarhóls lóð — en sú jörð er lögð til stiptamtmansembættisins — á sviði því, er nær frá læknum upp að íveruhúsi Jóns Péturssonar, yfirdómara, til þess að breiðka ferðamannavegin, sem liggur ofan úr sveitum niður í kaupstaðinn, með þeim kosti að grjótgardur sá, sem er um Arnarhólsland á þessu sviði, verði fluttur og hlaðinn upp aptur óaðfinnanlega á kostnað Reykjavíkur kaupstaðar innan ákveðins frests, er stiptamtinu og bæjarstjórninni kemur saman um. Hafið þér mælt með, að þessi bæn verði veitt, þannig, að yður verði veitt